



Alþingi/nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1767**  
**komudagur 28.2.2013**

Hornafirði, 28. febrúar 2013  
nr. erindis 201302084 HBV

**Málefni: Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingskjal nr. 570.**

Á þessu kjörtímabili Alþingis hefur stjórnun og fyrirkomulag fiskveiða verið mikið til umræðu og hafa komið fram á þing að minnsta kosti fjögur frumvörp þar að lútandi. Bæjaryfirvöld á Hornafirði hafa talið það skyldu sínu að reyna að meta möguleg áhrif lagabreytinga á samfélagið á Hornafirði og hafa lagt í það mikla vinnu og nokkurn kostnað. Öll þau frumvörp sem kynnt hafa verið hafa þýtt umtalsverða flutning aflaheimilda frá Hornafirði sem ógnar geta stöðu sjómanna, fiskverkunarfólks og fyrirtækja.

Það er jafnframt óviðunandi að starfsumhverfi undirstöðuatvinnugreinar eins og sjávarútvegs sé í umtalsverðri óvissu í svo langan tíma. Óvissan hefur áhrif með margvíslegum hætti hvort sem er á fyrirtælanir fyrirtækja eða einstaklinga sem starfa. Það frumvarp sem hér er lagt fram felur ekki í sér grundvallarbreytingar frá fyrra frumvarpi, þó útfærslu á einstökum efnisþáttum hafi verið breytt.

Þó eru nokkur atriði sem bæjarráð vil undirstrika.

- Aflamark á kvótaþingi er aukið en meðal annars til að standa straum af því er skerðing hjá núverandi aflahlutdeildarhöfum meiri en var í fyrra frumvarpi. Ekki eru sett fram skýr ákvæði um hvernig væntanlegt kvótaþing muni starfa. Þetta ákvæði mun hafa mikil áhrif í Hornafirði eins og sjá má í meðfylgjandi úttekt frá KPMG ehf.
- Fallið er frá ákvæðum um skerðingu á framseldri aflahlutdeild við flutning og er það til bóta.

Fleiri atriði mæti nefna en vísað er til ítarlegrar umsagnar bæjaryfirvalda við fyrra frumvarp, til dæmis í umsögn dags. 18. apríl 2012. Þar kemur m.a. fram að bæjarráð tekur undir meginmarkmið frumvarpanna um að skerpa skuli á þeim skilningi að þjóðin sé eigandi auðlindarinnar og að nýtingarétturinn verði tímabundinn með þeim fyrirvara að endurnýjun samningana sé skýr.

Sveitarfélagið Hornafjörður byggir afkomu sína að verulegu leyti á afkomu í sjávarútvegi. Afkoma greinarinnar er eitt stærsta hagsmunamál íbúa á hverjum tíma. Breytingar á kerfinu, að mati bæjarráðs Hornafjarðar, verða að miða að því að skapa meiri festu fyrir íbúa staðanna, tryggja arðsemi í greininni og áframhaldandi þróun hennar. Með fyrri umsögnum um frumvörp um breytingar á fiskveiðistjórnun hafa verið færð rök að því að framlögð frumvörp minnki ekki óvissu varðandi framtíðarskipan veiða og vinnslu í sveitarfélaginu.



Í ljósi niðurstaðna af vinnu KPMG og annarra gagna sem sveitarstjórnarmenn hafa kynnt sér hefur bæjarráð Hornafjarðar verulega þungar áhyggjur af þeim breytingum sem kynntar hafa verið á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Virðingarfyllst,

Hjalti Þór Vignisson  
bæjarstjóri

Meðfylgjandi:

Afrit sent: